

Lyf eða lyfja-
samsetningarSamsetningar, er selja
má í lausasölu

Athugasemdir

Dæmi

fjórum sinnum á sólarhring.
Varhugavert er að nota lyfið, ef um
lifrarsjúkdóma er að ræða.

Töflur:

Einstakur skammtur mest 500 mg.
Mest 20 töflur handa einstaklingi.
Áletrun: Venjulegur skammtur er
1—2 töflur í senn, mest 6 töflur á
sólarhring handa fullorðnum við
höfuðverk, tannverk, tíðaverk og
sótthita af völdum influensu eða
kvefs. Lyfið er ekki ætlað börnum
nema í samráði við lækni. Varhuga-
vert er að nota lyfið, ef um lifrar-
sjúkdóm er að ræða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978
öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 753.

3. desember 1981.

AUGLÝSING

um friðland í Þjórsárverum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúru-
verndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul og er
svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Lína, sem hugsast dregin frá Eiríksnípu sunnan í Hofsjökli norðaustur í ónefnd
jökulsker 1250 m y. s. norður af Arnarfelli hinu litla. Frá jökulskerinu hugsast
dregin lína í öldu 644 m y. s. austur af Þúfuveri. Þaðan suður í öldu 642 m y. s.
sunnan Þúfuvers, þaðan vestur í öldu 606 m y. s., vest-norðvestur yfir Þjórsá í
öldu á Fjórðungssandi 622 m y. s. og þaðan aftur í Eiríksnípu. Línur milli punkt-
anna hugsast beinar og hæðartölur eru samkvæmt uppdrátti Íslands, blöðum 65
og 66, gefnum út af Geodætisk institut 1954.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Sérstök nefnd er Náttúruverndarráði til ráðuneytis um málefni friðlandsins.
Hún skal þannig skipuð, að Náttúruverndarráð, Landsvirkjun, hreppsnefnd
Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttarmálaráðs Flóa- og Skeiðamanna tilnefna

7. Flug neðan 3000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.
8. Reglur þessar haggja ekki hefðbundnum rétti bænda til umferðar vegna nytja og leita á svæðinu. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi hreppsnefnd eða stjórnir afréttarmála og Náttúruverndarráð setja að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.
9. Notkun skotvopna er óheimil á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum og kveðið nánar á um vernd svæðisins. Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur þess lands sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. fl. að ofan er Landsvirkiun heimilt að veita til Þórisvatns úr upptakskvílum Þjórsár á Sprengisandi og austurbverám hennar, enda verði kappkostað að halda umhverfisáhrifum mannvirkja í lágmarki.

Ennfremur mun Náttúruverndarráð fyrir sitt levti veita Landsvirkiun undanbágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y. s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndarsildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndarráðs. Rannsóknir þessar skulu gerðar á vegum ráðgjafarnefndar samkvæmt 1. fl. Skal nefndin ennfremur fialla um endanleg mörk umræddra mannvirkja, ráðstafanir til að draga úr óæskilegum áhrifum þeirra á vistkerfi Þjórsárvera og hugsanlega endurskoðun á vatnsborðshæð miðlunarlónsins. Nefndin skal og gera tillögur til stjórnar Landsvirkiunar og Náttúruverndarráðs um nauðsynlegar rannsóknir í þessu sambandi og skal Landsvirkiun kosta þær að svo miklu levti sem hlutaðeigandi rannsóknaráætlun hlétur samþykki stjórnar Landsvirkiunar og Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við hirtingu þessarar ákvæðsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið 3. desember 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um B-gatnagerðargjöld í Stokkseyrarhreppi.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja á B-gatnagerðargjald á hús, nýbyggingar og stækkun eldri húsa sem standa á lóð sem skráð er við götu sem lögð hefur verið bundnu slitlagi.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmeter eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir: